

**Ed. 231. Frumvarp til laga [131. mál]**

um breyting á lögum nr. 8 27. febrúar 1976 um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. desember 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

**1. gr.**

**1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:**

Flugvallagjald skal vera 8 800 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

**2. gr.**

**3. gr. laganna orðist svo:**

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 650 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálf gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætluunar enda vari viðvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.